



Margrét Bóasdóttir er fædd og uppalin í Mývatnssveit. Hún lauk almennu kennaraprófi, tónmenntarkennaraprófi og burtfararprófi í einsöng og stundaði síðan framhaldsnám í Þýskalandi og lauk einsöngskennaraprófi og lokaprófi í einsöng ásamt sérnámi í ljóða- og óratoríusöng.

Margrét hefur haldið fjölmarga tónleika og sungið einsöng í mörgum helstu tónverkum kirkjutónbókmenntanna, hér heima, víðs vegar um Evrópu og í Bandaríkjunum. Hún hefur sungið með Chalumeaux klarinettutríóinu af og til allt frá stofnun þess.